

hornafjörður
náttúrulega!

DRÖG

HEILDARSTEFNA SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR | 2026-2030



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR


hornafjörður náttúrulega!

HEIMSMARKMIÐIN


Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru samþykkt af aðildarríkjum þess og er með samstilltu átaki ætlað að bæta líf og heilsu mannkyns og jarðar.

Markmiðin 17 eru margþætt, metnaðarfull og mynda, með 169 undirmarkmiðum, samræmda heild innanlands og alþjóðlega.

Stefna Hornafjarðar byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Byggt á áhættu og mikilvægisgreiningu sem unnin var fyrir sveitarfélagið er lögð áhersla á ellefu heimsmarkmið og þau tengd við þrjár megin áherslupætti stefnunnar.



— — — —
hornafjörður
náttúrulega!



FRAMTÍÐARSÝN

Sveitarfélagið er eftirsóknarverður og fjölskylduvænn búsetukostur sem fólk vill sækja heim. Mannlíf og lífsgæði blómstra í sátt og samlyndi við umhverfi og náttúru. Fólk hefur hér jöfn tækifæri í velferðarsamfélagi og þjónusta er framúrskarandi. Menning er lifandi og öflug nýsköpun til staðar.



hornafjörður


náttúrulega!

GILDI



VIRÐING

Við berum virðingu fyrir hvert öðru og erum umburðarlynd fyrir fjölbreytileika íbúanna. Við berum einnig virðingu fyrir umhverfinu sem við búum í.



FRAMSÆKNI

Við mætum framtíðinni með krafti, frumkvæði og nýsköpun og þorum að leita nýrra lausna jafnt í atvinnulífi sem og í menntun.



SAMVINNA

Við höfum samvinnu, samstöðu og jákvæðni að leiðarljósi í öllum störfum okkar og vitum að saman erum við sterkari



hornafjörður

náttúrulega!

STOÐIR



UMHVERFI

Sveitarfélagið vinnur að því að samþætta umhverfislega sjálfbærni og loftslagsaðgerðir í öllum rekstri sveitarfélaga. Þetta felur í sér samstarf þvert á geira, stefnumótun og hagnýta framkvæmd aðgerða sem tengjast úrgangi, orku, samgöngum, skipulagi og seiglu.



FÓLKID

Tekur á hagsæld íbúa og þeirra samfélagslegu innviða sem ýta undir heilbrigði, jöfnuð og gott mannlíf.



ÞJÓNUSTA

Fjallar um þjónustu sveitarfélagsins bæði inn á við og út á við. Góðir stjórnarhættir, samskipti, siðferðisleg viðmið og framlag til samfélagsins.

hornafjörður

náttúrulega!



UMHVERFIÐ

Sveitafélagið mun hafa umhverfismál í öndvegi með sjálfbærni, þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi.

ÁHERSLA

LEIÐANDI Í UMHVERFIS- OG LOFTLAGSMÁLUM

Sveitafélagið mun hafa umhverfismál í öndvegi með sjálfbærni, þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi.

MARKMIÐ

SJÁLFBÆRT OG VISTVÆNT SAMFÉLAG

- Efling hringrásarhagkerfisins og lágmörkun úrgangs.
- Ábyrgari auðlindanýting.
- Verndun og efling náttúru, líffræðilegrar fjölbreytni og útivistargæða.
- Öruggt, hreint og heilnæmt umhverfi.
- Sjálfbær skipulags- og mannvirkjagerð.

TENGSL VIÐ HEIMSMARKMIÐ



hornafjörður

náttúrulega!



FÓLKID

Tekur á hagsæld íbúa og þeirra samfélagslegu innviða sem ýta undir heilbrigði, jöfnuð og gott mannlíf.

ÁHERSLA

SAMFÉLAG VELFERÐAR OG JÖFNUÐAR

Við viljum búa í velferðarsamfélagi með jöfnuð, heilbrigði og inngildingu að leiðarljósi.

MARKMIÐ

Leiðandi velferðarsamfélag sem tryggir inngildingu, jöfnuð og eftirsóknarverð lífsgæði

- Stuðla að heilbrigði og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar
- Verklag og stefnur sveitarfélagsins stuðla að jöfnuði og gagnsæi
- Efla innra- og gæðamat í skóla-, frístunda- og velferðarþjónustu
- Efla sveitarfélagið sem fjölmenningsamfélag og hlúa að inngildingu
- Húsnæði og umhverfi skóla, frístunda og velferðarþjónustu til fyrirmyndar

TENGSL VIÐ HEIMSMARKMIÐ



hornafjörður

náttúrulega!



ÞJÓNUSTA

Fjallar um þjónustu sveitarfélagsins bæði inn á við og út á við. Góðir stjórnarhættir, samskipti, siðferðisleg viðmið og framlag til samfélagsins.

ÁHERSLA

GAGNSÆ OG AÐGENGILEG STJÓRNSÝSLA

Auka gæði, skilvirkni og aðgengi að þjónustu sveitarfélagsins með faglegri og notendamiðaðri þjónustu þar sem trygg upplýsingagjöf er í forgrunni.

MARKMIÐ

ÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS ER ÁBYRG OG SKILVIRK

- Skýr, aðgengileg og gagnsæ upplýsingagjöf og samskipti
- Fagmennska og gæði í þjónustu
- Þekking og starfsánægja
- Skilvirkni og stafræn umbreyting

TENGSL VIÐ HEIMSMARKMIÐ



— — — —
hornafjörður
náttúrulega!

